

Stjórnarfundur BFB haldinn í Borgarnesi 18. Janúar 2018

Mætt: Þorgrímur, Hanna og Sigrún.

Teknir inn nýjir félagar:

Marinó og Freyja Eysteineyri, Tálknafirði

Hafsteinn og Signe Gilsbakka, Kópaskeri

Ólína og Kristinn Ökrum 1, Hellnum Snæfellsbæ

Þorgrímur kynnti boð um að taka þátt í Landbúnaðarsýningu í Laugardalshöll 12-14 október 2018 – Kynning á íslenskum landbúnaði. Kostnaður 19,500-kr/m² fyrir utan vsk. Finnst okkur þetta dágóður kostnaður og ákveðið var að leita eftir samstarfi við önnur fyrirtæki s.s. VB-Landbúnað, Nokk eða önnur fyrirtæki sem eru að selja vörur til heimavinnslu afurða.

Handverkshátíðin Hrafnagili. Hugmynd reifuð hvort BFB ætti að vera með heilt tjald fyrir sig vegna 10 ára afmælisins. Ritara falið að kanna hvort það væri vilji/möguleiki á því hjá Undirbúningsnefnd Handverkshátíðar.

Fjármálin rædd, ekki hefur verið mikið um fjárútlát á árinu 2017. Búið var að senda umsókn um rekstarstyrk til Landbúnaðaráðuneytisins, en ekki komið svar. Rætt lítillega um aðra styrki en engin ákvörðun eða niðurstaða úr því máli. Félagsgjöldin skiluðu sér frá öllum nema 5 og hefur verið slökkt á þeirra svæði á heimasíðunni.

Rætt um að senda inn umsókn um félagsaðild til Bændasamtakanna.

Heimasíðan, er komin til ára sinna og þarfnast endurnýjunar, engin ákvörðun tekin í þeim efnum.

Rætt um næsta aðalfund hugmynd að dagsetningu 14. Apríl og formanni falið að kanna möguleika á að halda fundinn að Brjánslæk.

Í ferli er að kanna hvort hægt sé að fá einhver betri kjör fyrir félag BFB hjá fyrirtækjum sem annast efna- og örverumælingar. Einnig kom upp umræða um að kanna hjá fleiri fyrirtækjum hvort í boði væru einhverjir afsláttakjör fyrir BFB félag.

Rætt um að fylgja eftir og klára gerð gæðahandbókar sem verið hefur í vinnslu. Koma síðan gæðahandbókinni í þann farveg að hún nýtist félagsmönnum eins og efni stóðu til.

Rætt um að koma veglegri grein um BFB og 10 ára afmælið í Bændablaðið. Þorgrímur tók það verkefni að sér.

Til umræðu kom sláturkostnaður og hversu mismunandi hann væri milli sláturleyfishafa. T.d. fyrir lamb: 3.505,- án vsk hjá SAH, 5.500,- án vsk hjá KS og SKVH og 270,kr /kg án vsk í Brákey Borgarnesi, vorum ekki með tölur frá -ðrum húsum á takteinunum, en virkilega verðugt verkefni að skoða.

Hanna sagði aðeins frá stöðu mála í verkefninu sem Matarauður Íslands og BFB eru að vinna saman. Matarauður Íslands (Brynja Laxdal) leggur til mann Oddnýju Önnu sem hefur verið að tala við félagsmenn BFB og kanna hvert hugur félagmanna stefnir, og hvað við getum gert í framhaldinu varðandi markaðssetningu.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið.

Sigrún Indriðadóttir ritari BFB